



Reykjavík, 15. nóvember 2013

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 126. stjórnarfundum þann 15. nóvember 2013 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið, sem gilda skal á árinu 2014.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarræðum og/eða viðurlögum.


Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 10.662 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 14.393 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.


Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllt,  
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

  
Jón Viðar Matthíasson  
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 15.11.2013.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	19.11.2013
Málsnr:	1311286
Bréfali:	561

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS  
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001  
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is